



Launastefna Skattrannsóknarstjóra ríkisins

Markmið

Launastefnu Skattrannsóknarstjóra er ætlað að stuðla að því að hann hafi á hverjum tíma yfir að skipa starfsfólki sem hefur viðeigandi hæfni og reynslu til að sinna verkefnum stofnunarinnar á árangursríkan hátt þannig að hún uppfylli hlutverk sitt.

Starfsfólki eru tryggð jöfn laun og sömu kjör fyrir sömu eða jafnverðmæt störf þannig að enginn launamunur sé til staðar. Starfsfólk hefur jafna möguleika til starfa, ábyrgðar, launa, stöðuhækkana, starfsþróunar og endurmenntunar.

1. Umfang og eðli starfs hefur áhrif á laun og ræðst af fjölmörgum þáttum, svo sem verkefnum og umfangi starfsins, þeirri hæfni sem starfsmaður þarf að hafa til þess að geta sinnt starfinu á árangursríkan hátt auk þeirrar menntunar og reynslu sem starf krefst.
2. Forsendur launaákvæðana eru að þær séu í samræmi við launauppbyggingu Skattrannsóknarstjóra, studdar rökum og tryggi að sömu laun séu greidd fyrir sambærileg eða jafnverðmæt störf.
3. Ákvarðanir um launabreytingar eru teknar af Skattrannsóknarstjóra í samráði við aðra stjórnendur stofnunarinnar. Laun alls starfsfólks eru yfirfarin að lágmarki árlega til að tryggja að samræmis sé gætt í launagreiðslum. Við ákvarðanir um launabreytingar er m.a. horft til niðurstaðna frammistöðumats, stofnanasamninga og kjarasamninga.
4. Hjá Skattrannsóknarstjóra eru til starfslýsingar fyrir öll störf. Starfslýsingar eru uppfærðar árlega og þær yfirfarnar í starfsmannasamtölum sem haldin eru að hausti. Í þeim koma fram allir meginþættir starfs, svo sem kröfur um menntun, hæfni, reynslu og þá ábyrgð sem í starfinu felst auk upplýsinga um starfaflokk samkvæmt jafnlaunakerfi.
5. Launastefnan samræmist mannauðsstefnu Skattrannsóknarstjóra.

Skattrannsóknarstjóri samþykkir stefnuna en rekstrarstjóri ber ábyrgð á að framfylgja henni. Skattrannsóknarstjóri ber einnig ábyrgð á jafnlaunastefnu (Skjalanúmer) og að þeim lagalegu kröfum og öðrum kröfum sem tengjast jafnlaunakerfinu sé framfylgt.

Skattrannsóknarstjóri, 15. 11. 2019